

Fundur foreldrafélagsins

Fundur haldinn í starfsmannaaðstöðu skólans þann 14.01.2016 kl. 12:00

Mætt voru: Erla Björg Helgadóttir, Katrín Ingólfssdóttir, Þorsteinn Guðmundsson og Hrund Pétursdóttir frá foreldrafélaginu. Hallfríður Sverrisdóttir frá Árskóla, Óskar Björnsson kom á fundinn undir lokin. Jóna Salvör Kristinsdóttir og Sigrún Baldursdóttir, úr foreldrafélagi, boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Öskudagsskemmtun

- Öskudagsskemmtun verður haldin kl. 14:00 þann 10. febrúar næstkomandi. Fulltrúar foreldrafélagsins verða til taks á skemmtuninni auk bekkjarfulltrúa.
- Helstu verkefni fyrir öskudag:
 1. Bóka íþróttahús - Hrund
 2. Hafa samband við Kristbjörgu Kemp vegna aðkomu 10. bekkjar - Hrund
 3. Panta medalíur (söngvakeppni og tunnukóngur) - Kata
 4. Kaupa andlistmálningu - Kata
 5. Panta nammi - Erla
 6. Útbúa tunnur - Steini

2. Fundur með bekkjarfulltrúum / tengiliðum

- Fundur verður haldinn 27. janúar kl. 17:00 í matsal skólans með bekkjarfulltrúum. Á dagskrá fundarins verður hlutverk bekkjarfulltrúa auk þess sem starfsmenn skólans verða með kynningu á læsisverkefninu og mögulegri aðkomu foreldra að því verkefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.